

María Guðmundsdóttir í Helgarpóstsviðtali

„Ég vildi ekki verða gömul á Manhattan“

Viðtal: Þröstur Haraldsson Myndir: Jens Alexandersson



— Faðir minn var arkitekt og var fenginn til að teikna þar sildarverksmiðju árið 1934 en þá voru þar aðeins þrjú braggar. Hann fylgdist svo með uppbyggingu verksmiðjunnar og rekstri hennar fyrstu árin. Þarna myndaðist þorp og var mikið að gera fram undir 1950 þegar sildin hvarf. Þær eru undarlegar þessar hreyfingar náttúrunnar. Þarna var unnið nætur og daga en þetta var skemmtilegur tími hjá mér og ég á minar hlýlegustu minningar frá þessum árum.

Árið 1953 fluttum við til Reykjavíkur en þá var ég 11 ára gömul. Það voru mikil viðbrigði. Fyrir norðan hafði faðir minn kennt okkur undirstöðuna í helstu skólafögnum en nú fór ég fyrst í skóla. Ég lauk 2. bekk gagnfræðaskóla og langaði þá mikið að verða blaðamaður eins og þú. En ég hafði líka áhugaá tungumálum og fór því til Englands til að læra ensku. Þar var ég í ár og svo hálf ár í Þýskalandi. Kom heim vorið 1961.

Ferðalag, kjöll og skautbúningur

María kom heim, sá og sigrði í bókstaflegri merkingu þess orðs því nokkrum mánuðum eftir heimkomuna var hún orðin Ungfrú Island með tilheyrandi möguleikum. Hvernig atvikadist það?

— Það var Gísli Sigurðsson, ritstjóri Lesbókar Morgunbladsins, sem sá mig í Lidó og kom þeirri flugu inn í kollinn á mér að ég ætti að taka þátt í keppninni. Ég skil raunar ekki hvað rak mig út í þetta því ég er feimin að eðlisfari og hafði á þessum árum mikla komplexa. Ég var t.d. nokkuð í handbolta og valdi þá markmannsstöðuna af því að þá gat ég verið í síðum buxum. Ég held að ég hafi ekki tekið þetta alvarlega — fyrr en ég kom upp á svið í Austurbæjarblóti þar sem undankeppnin fór fram. Þá varð ég óskaplega nervös. En ég komst áfram í úrslitin á Hótel Borg og varð númer 1. Að launum fékk ég ferð á Langasand, síðan kjöll og skautbúning. Það leið svo ár þangað til ég fór á Langasand. Þar komst ég áfram í úrslitin en datt svo út.

Enginn veit sína ævina...

- Og svo geristu fyrirsæta.
- Já, það byrjaði með því að fyrirtæki í

Frakklandi, Comité Francais de l'Élection, sem hafði yfirumsjón með öllum fegurðarsamkeppnum í Evrópu, fékk mig ásamt sigurvegurinum frá Danmörku, Þýskalandi, Frakklandi og stúlku frá fyrirtækinu til að fara í tiskusýningarferðalag um nokkur lönd Mið- og Suður-Ameríku. Ég skildi ekki hvers vegna ég varð fyrir valinu því ég var alls óvön tiskusýningum.

Þegar ég kom til baka var ég staðráðin í að taka aldrei þátt í svonalöguðu framar. Ég stoppaði nokkra daga hjá frænku minni sem bjó í París ásamt manni sínum sem var Bandaríkjamaður. Einn daginn fór ég í hárgreiðslu og þar sem ég sit á stofunni tek ég eftir konu sem horfir stíft á mig. Þetta stóð lengi og var orðið óþægilegt. En þegar ég var búin kom hún til mín og spurði hvort ég væri fyrirsæta. Ég sagði nei og var jafn neikvæð þegar hún spurði hvort ég hefði áhuga á að verða það. Hún bað mig samt að hugsa málið og lét mig fá nafnspjald. Ég var alsæl þegar hún fór.

Þegar heim kom sagði ég frænku minni og manningum hennar frá þessu en bætti því við að ég hefði engan áhuga og hélt að þetta væri bara vitleysa. Svo sýndi ég þeim spjaldið. Hann sagði að ef þetta stæðist væri um að ræða eina frægustu fyrirsætu sem Bandaríkin hefðu átt, Dorian Leigh Parker, og að ég hefði möguleika á að komast á forsiður frægustu blaða. Þeim tókst að tala mig upp í að fara og athuga málið. Þegar ég sat á skrifstofunni og beið eftir að Dorian hætti að tala í símann kom inn maður sem hafði allt á hornum sér. „Þetta er ómögulegt“, sagði hann og svo fór hann að horfa á mig eins og konan á hárgreiðslustofunni, og mér fannst það jafn óþægilegt. Loks spyr hann hvort ég vinni þarna og Dorian svarar því játandi. Þetta var þá umboðsmaður frá Coca Cola og hann vildi fá mig í ferð upp í frönsku Alpna þar sem átti að taka auglýsingamyndir. Ég hugsaði með mér að ég gæti fyrst farið heim, út aftur til Alpna og komið heim með einhvern vasapening. Og sló til. En þegar ég kom aftur til Parísar var Dorian búin að bóka mig á hverjum einasta degi í tvo og hálfan mánuð.

Á baðfötum í snjó

- Og þá hafa örlögin verið ráðin?
- Já, Dorian var umboðsmaður minn í

Evrópu í mörg ár og reyndist mér vel. Síðar kynntist ég Eileen Ford sem gerðist umboðsmaður minn vestanhafs. Ég var á þeytingi fram og til baka yfir hafid og vann einnig í Englandi og Þýskalandi næstu árin. Alls vann ég sem fyrirsæta í 16 eða 17 ár.

— Hvernig líkadi þér starfið?
— Mér fannst það skemmtilegt. Það bauð upp á margt, ferðalög og svo kynntist maður mörgu fólki og margvíslegu. En þegar á leið fannst mér það fremur innantómt, maður fékk heldur litla andlega hvatningu. Þetta getur líka verið ansi erfitt oft er vinnutíminn langur og aðstæður misjafnlega góðar. Það er heldur engin miskunn sýnd, t.d. þegar maður á að sitja fyrir í baðfötum í snjó. Þá er bara að standa sig. En mér finnst samt að stúlkur sem eiga möguleika á þessu starfi ættu að notfæra sér hann. Það má ýmislegt læra af þessu og það hefur bæði kosti og galla.

— Eitthvað varstu viðriðin kvikmyndirnar.

— Já, en ég er engin leikkona, þetta bara slysaðist svona til. Ég lék aðalhlutverk í þýskri mynd sem gerð var á Sri Lanka suður af Indlandi. Svo lék ég í tveimur stuttum amerískum myndum og smáhlutverk í Paradisarheimt, ég var ein af konunum hans Þjóðreks biskups. Mér fannst þetta skemmtilegur heimur, hann er allur stærri í sníðum en ljósmyndabransinn. En þó er margt líkt, þarna vinnur fólk saman í stórum hóp þar sem hver hefur sitt hlutverk.

Mormónar

— Hvernig leist þér á þig í mormónabyggðum?

— Það var gaman að kynnast mormónunum og sjá hús brautryðjandans Brigham Young. Á þaki þess eru 27 kvistir en þar hafði hver kona sinn kvist. Það var merkilegt að upplifa fjölkvænið, það var svo allt öðru vísi en flestir gera sér í hugarlund, þetta var ekkert síðleysi. Karlmenningarinn giftust konunum af ýmsum ástæðum, einkum þó til að veita konunum heiður og rétt í þjóðfélaginu. Til dæmis Þjóðrekur biskup, hann fréttir af aldraðri konu sem hafði lent í slysi, fer að heimsækja hana á spítalann og býður henni að koma með sér heim og passa börnin. Síðar giftist hann



McCall's

WHY HUSBANDS DON'T SAY WHAT THEY REALLY THINK

AMIE EISENHOWER LIES ABOUT YEARS OF MARRIAGE

IT'S ALL

Book starring Snoopy

THE STRANGE COURTSHIP CUSTOMS OF DIVORCED MEN AND WOMEN

WE ARE SCARCELY JAMES BOND LADIES! The most unusual undercover agents of our time

GEORGE HAMILTON: THE MAN BEHIND THE HEADLINES



Chapeaux de Paris



Það er æði langt í tíma og rúmi á milli síldarævintýrisins á Djúpuvík á Ströndum, um og upp úr seinni heimsstyrjöld, og ljósmyndabransans á Manhattan í New York árið 1982. Ein er þó sú kona sem hefur farið þessa leið með ótal krókum og viðkomustöðum um mestallan heim. — Samt er eins og ég hafi aldrei farið að heiman, segir María Guðmundsdóttir, áður fegurðardrottning Íslands og ljósmyndafyrirsæta, nú eigandi ljósmyndastofu á 16. götu austur á Manhattan eyju.

Hún stendur á fertugu, sjarmerandi kona og hlýleg í fasi. Hún býður okkur Jens ljósmyndara velkomna í „hreidrið sitt“ við Sörlaskjól. Þar býr hún þegar hún er hér í heimsókn og þar finnst henni hún eiga heima. Hún er reykvísk að ætt og fædd hér í borg, en fluttist ung norður á Djúpuvík í Arneshreppi á Ströndum.

A ferli sínum sem tiskufyrirsæta var María Guðmundsdóttir tíður gestur á forsiðum frægra heimsblada eins og þessi sýnishorn bera vitni um.

henni. Varla hefur hann gert það af kynferðisástæðum?

En hafa mormónarnir ekki verið lögsóttir fyrir fjölkvænið?

— Jú, og nú býr aðeins litill hluti þeirra við fjölkvæni. Þeir sem það gera búa út af fyrir sig og verða oft fyrir aðkasti frá hinum. Þeir eru mjög strangir og síðavandir, neyta hvorki tóbaks, kaffis né áfengis en þetta er glatt fólk og gott. Og þetta samfélag stingur mjög í stúf við afganginn af Bandaríkjunum.

Að byrja upp á nýtt

— Nú ertu búin að snúa myndavélinni við og farin að taka myndir sjálf. Hvað olli því?

— Ég var búin að fá leiða á fyrirsætustarfinu og fannst ég vera stöðnuð. Auk þess var ég farin að eldast og þá kom upp vandamálið: hvað átti ég að gera? Það var ekkert auðvelt því tiskuheimurinn er frekar lokuð veröld og þegar maður kemur út eru jafnaldrar manns búnir að koma sér fyrir í lífinu.

Þá þarf maður að byrja upp á nýtt. En ég fór að leita fyrir mér og varð umbodsmaður fyrir 4 ljósmyndara. Mér líkaði það ágætlega nema hvað mér leiddust peningamálin, þrúttið og allt það. Ég var að hætta þegar ég fékk aðstöðu til að æfa mig í ljósmyndun í einu stúdíóinu. Fyrst var ég í myrkrarberginu, svo fékk ég smáverkefni og fljótleiga gat ég framfleytt mér á þessu. Til að byrja með var þetta meira leikur, og ef ég væri að byrja núna færi ég sennilega aðra leið, byrja á að vinna með öðrum og kynna mér betur tæknilegu hliðina.

En nú er ég búin að opna eigið stúdíó, opnaði í nóvember líðlega 300 fermetra stúdíó á fimmtu hæð í húsi við 16. götu austur á Manhattan. Þar hef ég tvo fasta starfsmenn en nota að öðru leyti frilansfólk. Ég verð að halda yfirbyggingunni í skefjum meðan ég er að komast yfir uppbyggingu hússins. Það þurfti ýmislegt að gera við það, t.d. hafði fyrrverandi leigjanda og eiganda sinnast eitthvað með þeim afleiðingum að leigjandinn fjarlægði allt rafkerfi hæðarinnar.

— Hvernig myndatökur fæstu við?
— Eingöngu tiskumyndir, ég hef sáralítið fengist við annað. Ef ég þarf að gera bækl- inga þar sem öðruvísi myndir eiga að vera

með fæ ég aðra til að vinna þær. Ljósmyndastarfið er flokkað niður í ótal sérgreinar fyrir vestan.

Stundvísir Amerikanar

— Eru ekki miklir peningar í þessum bransa?

— Jú, þetta getur verið vellaunað, en kostnaðurinn er mikill. Maður setur sjálfur upp sitt verk. Við ljósmyndara höfum með okkur samtök þar sem við ræðum ýmis vandamál stéttarinnar, svo sem hvernig við getum varist tekjumissi þegar veðurfar hamlar útmyndatöku og annað sem á okkur brennur. En þarna er bannað að ræða verð og við auglýsum ekki taxa heldur er hann samningsatriði hverju sinni milli stofunnar og viðskiptavinarins. Það væri túlkad sem brot gegn lögum um frjálsa verðmyndun ef við ræddum verðlagsmálin í samtökunum. En gæðin verða að vera potþétt.

Ef viðskiptavinurinn vill fá betri myndir þarf að taka þær aftur. Þá þarf að panta fyrirsætur aftur og þær eru dýrar þannig að gróðinn er fljótur að hverfa. Bandaríkjamenn borga best en þeir eru líka geysilega kröfuharðir hvað varðar stundvísir, gæði og fagleg vinnubrögð. Ég komst að þessu með stundvísina þegar ég var fyrirsæta, þá var hiklaust dregið af manni kaup ef maður mætti of seint.

— Hvernig finnst þér að búa erlendis?

— Það er ágætt en ég verð að koma heim annað slagid. Helst þyrfti það að vera á sex vikna fresti en tíminn og fjárhagurinn leyfir það nú ekki alltaf. Mér finnst ég í raun aldrei hafa farið, líkaminn hefur verið á flaki en sálin hefur alltaf verið hér. Ég er alltaf úti um óákveðinn tíma og það kemur að því að ég kem heim. Eins og er vil ég vera í New York og sjá hvernig þetta gengur. Ef það gengur vel verð ég kannski í þessu í 10 ár til viðbótar, þá held ég að ég verði orðin of gömul fyrir þennan tiskuheim. Hann byggist á ungu fólk og þar ríkir andi lífbandi stundar. Ég teldi mig því góða ef ég endist í tíu ár, annars vil ég ekki spá svo langt fram í tímann.

Að seljast á skólabeck...

— Gætirðu hugsad þér að setjast að hér og gerast ljósmyndari?

— Ég gæti hugsad mér það, já, en mér skilst að hér þurfi ljósmyndara að hafa próf og það hef ég ekki. Ég hef hugsad mér að taka eitt og eitt námskeið til að komast betur inn í tæknina því hún breytist mjög ört. En að setjast á skólabeck í fjögur ár... Fyrir vestan er þess ekki krafist af ljósmyndara að hann hafi próf. Hann byrjar sem hjálparkokkur ljósmyndara og fíkrar sig áfram. Og hann getur verið ljósmyndari svo lengi sem hann getur veitt fólk það sem það biður um og helst svolítið meira.

— Hvernig kanntu við þig í New York?

— Borgin hefur breyst mikið á þeim tíma sem ég hef verið þar, þetta er eins og heimur út af fyrir sig. Þar sér maður það besta og það versta og allt þar á milli. Þar búa miklir aukþýingar og svo fólk sem ekki á lás á hurðina sína og jafnvel ekki einu sinni hurð. En ég vildi ekki eiga börn á Manhattan og ég vildi ekki verða gömul þar. Gamla fólkid býr við mikið óryggi, það er oft ráðist á það, þó manni finnst erfitt að skilja það. Það er til fólk sem hefur enga samvisku.

Siberíuhraðleslin

— Þú hefur ferðast mikið, hefurðu komið í allar heimsálfur?

— Nei, ég hef aldrei komið til Astrallíu og heldur ekki til Kína, Japans eða austur fyrir tjald. Ég hef lengi átt mér draum sem ég sé eftir að hafa ekki komið í framkvæmd. Hann er sá að fara með Siberíuhraðlestinni frá Vladivostok til Moskvu, eyða 2–3 mánuðum í ferðina og taka myndir. Svo held ég alltaf dagbók og hugmyndir er sú að gefa út ferðasögu í dagbókarformi með myndum. En það kemur alltaf eitthvað upp á og svo þarf að velja réttan árstíma, á köflum liggur brautin mjög norðarlega og annars staðar eru miklar mýflugur á vissum árstíma.

— Heldurðu dagbækur, má kannski búast við að þær verði birtar einn góðan veðurdag?

— Nei, ég á ekki von á því. Ég hef gert þetta lengi og á orðið heilt flóð af dag-

bókum. Mér finnst gaman að dútla við þetta, ég set myndir í þær og nota líti, eins og börnin. En ég veit ekkert hvað ég geri við þær, kannski læt ég brenna þær þegar ég fer.

Allt er ferlugum læri

— Tekur atvinnuljósmyndarinn mikið af myndum í fristundum sínum?

— Það er helst þegar ég er herna heima og þá einkum af landslagi. Þegar ég er á gangi í bænum sé ég oft skemmtileg myndefni í fólk en ég er of feimin til að stilla mér upp fyrir framan það og fara að smella af. Þetta hljómar undarlega þar sem ég hef atvinnu af því að taka myndir af fólk, en svona er það nú samt, ég er feimin þó það sjáist ekki alltaf á yfirborðinu.

En það er margt hægt að finna í landinu, Ísland er mest lifandi land sem ég hef kynnst. Ég held ekki að það sé vegna þess að ég er Íslendingur. Þeir útlendingar sem ég hef hitt og hafa komið hingað skiptast í tvo hópa, annað hvort elska þeir náttúruna eða þeim fellur hún ekki. Í síðarnefnda hópnum hefur undantekningarlaust verið fólk sem skortir innra öryggi. Það hefur ekki þolað að standa eitt úti í náttúru sem er lifandi.

Ég hef sjálf fundið fyrir þessu. Einu sinni var ég á ferð um Kaldadal þegar sprakk hjá mér. Ég fór út til að skipta um dekk og þá heyrði ég öll þessi hljóð, hvernig gnaubaði í dalnum, og ég fann til óryggis. Ég barðist á móti og komst yfir þetta. Hins vegar kom ég dekkinu ekki undir bilinn. Þá var ég svo heppin að það bar að hjón, sveitafólk, og konan var svo rösk að hún lyfti bilnum meðan ég skrúfaði dekkið undir.

En þarna á Kaldadal fann ég að það var ekki rétt að vera að þæla í öllum þessum hljóðum, því ég veit um fólk sem hefur orðið gifurlega hrætt. Þessi hljóð eiga sinn þátt í að skapa þjódtrúna um drauga og fjörolalla.

— Að lokum, ertu ánægð með lífið?

— Já, mér fannst ég ná merkilegum áfanga þegar ég varð fertug. Líkaminn breytist en sálin heldur sínu striki og ef maður heldur rétt á spöðunum og heldur heilsu, er það fátt sem maður getur ekki gert, segir María Guðmundsdóttir.